

Hafnarnefndarfundur Skagastrandarhafnar

Miðvikudaginn 6. september 2006 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu Höfðahrepps kl 8.30. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson, Sævar Hallgrímsson og Magnús B. Jónsson.

Formaður, Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Rekstur hafnarinnar.

a) Rekstur 2006

Fyrir fundinum lá útprentun úr bókhaldi sem sýndi rekstur hafnarinnar miðað við bókhald fyrstu 8 mánuði ársins. Umræður urðu um samantekin rekstrarkostnað á tímabilinu og einstaka rekstrarliði.

2. Gjaldskrá hafnarinnar

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra um breytingu á gjaldskrá. Tillagan var rædd og en nefndarmenn töldu ástæðu til að fá upplýsingar um gjaldskrár fleiri hafna áður en afstaða verður tekin til gjaldskrárinnar. Afgreiðslu gjaldskrárinnar frestað til næsta fundar.

3. Skipulag hafnarinnar.

Fyrir fundinum lágu tillögur og útreikningar á lausnum þar sem reynt er að finna lausn á því að rífa Ásgarð og annað tveggja endurbyggja hann á svipuðum stað eða lengja Miðgarð yfir á það svæði sem Ásgarður er á. Hafnarnefnd ræddi fyrirbyggjandi hugmyndir en ákvað að fresta frekari umfjöllun til næsta fundar.

4. Bréf:

a) Hafnasambands sveitarfélaga, dags. 15.08.2006.

Í bréfinu er tilkynnt um að 35. hafnasambandsþing verði haldið á Hornafirði dagana 12. og 13. október 2006.

b) Umhverfisráðuneytisins um mengun, dags. 16. mars 2006.

Bréfið var til kynningar á drögum að endurskoðaðri reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

5. Önnur mál.

Sævar minnti á að ekki sé komin upp lýsing á vinnusvæði hafnarinnar sem ákveðið var að koma upp sl vor.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 10.00

Adolf H. Berndsen

Jóhann Sigurjónsson

Árni Sigurðsson

Gunnar Sveinsson

Sævar Hallgrímsson

Magnús B. Jónsson